

Mál nr. 50/2009

M og

Vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar A

Umferðaróhapp þegar bifreið var ekið út af vegi í Vestmannaeyjum þ.22.7.2007.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 3.2.2009. ásamt greinargerð lögmanns og fylgiskjöllum 1-16
2. Bréf V dags 23.2.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

Ökumaður A missti stjórn á bifreið sinni þar sem henni var ekið eftir vegi í Vestmannaeyjum og valt bifreiðin. Ökumaður A segist aðspurður ekki hafa ekið á yfir 100 km. hraða og ekki verið í kappakstri í umrætt sinn. Vitni segja að þeir og ökumaður A hafi verið í spyrnu en A hafi verið mun kraftmeiri og hafi hún því fljótlega horfið þeim sjónum. Annað vitni telur að A hafi verið ekið á um 140-150 km. hraða í umrætt sinn. M krefst bóta úr húftryggingu sinni hjá V og heldur því fram að hann hafi ekki ekið hraðar en um 10 km. umfram hámarkshraða og ekkert liggi fyrir um vanbúnað A og ekki hafi verið um hraða- eða glannaakstur að ræða. V hafnar bótaskyldu og segir A hafa verið í ofsaakstri í umrætt sinn auk þess sem M hafi verið í kappakstri í umrætt sinn.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn verður ekki annað séð en M hafi ekið A í umrætt sinn af stórkostlegu gálseysi og á því ekki rétt á bótum úr húftryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 10.3. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.